




Morgunblaðið/Sæmundur Norðfjörð

JÓNAS ÞORBJARNARSON

JÓNAS ÞORBJARNARSON SENDIR NÚ FRÁ SÉR NÝJA LJÓÐABÓK

Huldumaður á bersvæði

JÓNAS Þorbjarnarson má ef til vill kalla huldumanninn í íslenskum bókmenntum, því mér skilst að flestum sem kynnst hafa verkum hans þyki ekki einleiki að skáld af þessari stærðargráðu sjáist svo sjaldan né heyrir þegar íslensk ljóðlist er einhvers staðar í sviðsljósi. Sjálfur segir Jónas reyndar skáldskapinn vera sitt leyndarmál, þótt hann gauki bók og bók að útgefanda. Um þessar mundir er verið að gefa út hans þriðju bók, Á bersvæði. Og nú þegar ég hef þennan huldumann í sjónmáli vil ég drífa í að taka hann tali – áður en hann hverfur mér.

– Ljóðin þín koma mörgum nokkuð spáskt fyrir sjónir: annar svegar sú mikla kyrrð sem gjarnan er yfir þeim og eins hitt að persónurnar sem maður rekst á þar eru, fyrir utan þig, flestar við grafarbakann, já eða dauðar og jafnvel löngu dauðar. Hvernig skýrir þú, kornungur maðurinn, slík viðfangsefni?

„Það er alls ekki óalengt að ungir höfundar skoði gamlingja. Beckett, sá var nú ekki gamall þegar hann var kominn með menn í hjólastólinn. Og Marquez, svo maður nefni tvo sem allir hafa lesið. Haust patriarkans, hvíllur skóggur, hvíllur bók! En minn gamlingi er auðvitað íslenski frummaðurinn, sveitakallinn, sem verður ekki svo auðveldlega aðgreindur frá landinu og skepnunum, ekki aðgreindur frá kyrrðinni í kringum hann. Já, sveitakallinn okkar, fæddur upp úr aldamótum, ég sé ekki betur en hann sé líka óþrjótandi myndefni fyrir ljósmyndara. Og það hlýtur að liggja beint við fyrir þann sem vill skoða manninn og líf hans að skoða þá sem komnir eru alla leið. Nú auk þess er dauðinn slík grundvallarstaðreynd að mér finnst ekki fást rétt sýn á lífið nema einhvers staðar bliki á ljáinn.“

– Í fyrsta sinn á þínum skáldferli birtast ljóð eftir þig sem gerast í öðru landi, Mexíkó. Þau eru um það bil þriðjungur af bókinni, og blærinn í þeim er mjög annar en í þeim íslensku. Kalla ólík lönd á slík hamskipti hjá skáldi?

„Hjá mér gera þau það, af því ég reyni alltaf að gefa því mál sem ég yrki um, ná blænum. Þess vegna yrki ég ekki um Ísland af neinum æsingi. Mér finnst landið oft vera mjög syfjulegt, og til að ná því finnst mér ég verða nánast að muldra eitt-hvað upp úr svefni. Engu að síður orkar það mjög sterkt á skyn-

færin, landið, og alveg burtséð frá því hvort það sé í tísku eða ekki. Það er svo mikill andi í því, sá sem hefur þokkalega næma skynjun hefur hér aðgang að óendanleika. Mér þótti gaman að sjá nafnið á nýju bókinni hans Ísaks, Stokkseyri, og þætti ekkert athugavert við það þótt allar bækurnar hans hér eftir hétu Stokkseyri, eða tengdust þeim stað. En samt væri auðvitað pláss fyrir mörg fleiri skáld þar niðurfrá, sitjandi hvert á sínum steini í fjörunni. Ég er líka ánægður með að Gyrðir sé aftur farinn að röltu um fyrir ofan Akranes.“

– Þú minnstist þarna á tísku, sem er greinilega lítið fyrir þig, því þú virðist stefna hraðbyri í að verða mesti einfarinn í íslenskum skáldskap. Ertu af ráðnum hug að ögra skáldskapnum hér með því að halda þig svona viðs fjarri ríkjandi stefnum?

„Auðvitað veit ég vel hvar ég stend gagnvart öðrum skáldum hér heima, en ég vil ekki kannast við að ég sé neitt að stríða þeim. Hins vegar, þegar maður skoðar litteratúrinn vítt og breitt í heiminum og bæði í nútíð og fortíð, hlýtur manni að finna það meira en lítið einstrengislegt val sem ræður hvaða bækur eru teknar inn í biblíuna þá arna og hverjar ekki. Það gengur ekki að listasögur séu eins og yfirlit yfir heimsmetið í hástökki. Í listinni er alltaf hægt að fara í allar áttir, og engin er sú rétta. Eða allar. Jú, mér þykir ekkert verra ef bækurnar mínar þirra einhverja einstrengislega æðstupresta sem varlegra væri þó að spyrja hvað má og hvað ekki – vilji maður verða farsæll listamaður. Ég hafði til dæmis gaman af því þegar einn vitur gagnrýnandi kvartaði yfir því að þetta góða skáld, sem ég greinilega væri, skyldi ekki yrkja rétt, ég veldi hvorki réttu viðfangsefni né notaði rétta tóninn. Jú, ég hef sem sagt lúmskt gaman af því að vera á svona svakalegu bannsvæði í skáldskapnum. Eða á bersvæði að minnsta kosti. En auðvitað er ég ekkert að hugsa um ögrun eða ekki ögrun þegar ég skrifa. Og þegar ég er ekki að skrifa þá er ég bara einhver náungi sem vonandi engum dettur í hug að skrifi. Ég auglýsi það ekki á nokkurn hátt, markaðsset mig ekki. Þetta hefur alltaf verið hálfgeft leyndarmál, þótt ég gauki bók og bók að útgefanda. En nú ert þú búinn að fá mig til að kjafta frá – í fimmtíu þúsund eintökum. Ég segi ekki orð meira.“

Sæmundur Norðfjörð

MYNDLIST

Listasafn Íslands

MYNDVEFIR

Opið frá 12-18 alla daga nema mánu-daga til 18 desember. Aðgangur ókeypis. Sýningarskrá 800 krónur.

MYNDVEFNAÐUR á sér áráþúsunda sögu, og hans sér stað í einstaka fundi frá dögunum Forn-Egypta, svo sem gróf Faraósins Tuthmosis, í uppgreftri konungshalla í Litlu-Asíu, og einnig í must-erum Inka í Perú. Sýnilegar menjar hans má þannig rekja aftur til annarrar aldar fyrir tímatal okkar.

En vefir eru forgengilegir, og er meira en sennilegt að handíðin sé af enn eldri toga, sem þó ber ekki að hafa áhyggjur af í þessu skrif, en býsna merkilegt er hve margt úr listasögunni á sér keimlíkar forsendur og uppruna, þótt miklar vegalengdir og heimshöf skildu á milli og samgöngur nokkuð á annan veg en nú á dögunum, ef þá einhverjar. Miðaldir skiluðu seinni tímum mikilfenglegum vefnaði sem varðveist hefur, svo sem hinum mikla Bayeux-refli, sem var 70 metra langur, gerður um það bil 1180, og segir sögu orrustunnar við Hastings. Og á mörkum síðmiðalda og endurreisnar 1450-1500 varð til hið undursamlega veggteppi „Konan frá Licorno“, sem varðveitt er í Cluny-safninu í París (370x290 sm).

Það voru svo handíðir, og ekki síst vefnaður, sem á myrkum öldum héldu uppi listrænum eiginleikum meðal íslenzku þjóðarinnar, og skildu úr dýrmætum arfi í hendur nýrra tíma, er fólu í sér meiri heiðríkju og vonbjartari daga.

Það var þó ekki fyrr en við miðbik aldarinnar og eftir að myndlist

hafði skotið rótum, að menn tóku við sér og tóku að rækta arf kynslóðanna, aðlaga hann ferskum viðhorfum og breyttu gildismati á eðli sjónlista. Þetta var í fullu samræmi við þróun veflista úti í heimi og þá endurnýjun sem þar átti sér stað, einkum í Aðbusson í Mið-Frakklandi.

Þetta litla bæjarfélag, með tæplega 6 þúsund íbúa, hafði verið mikilvæg miðstöð veflistaiðnaðar frá 15.

öld, og þar læddu menn nú nýju lífi í myndvefnað með því að virkja jöfra eins og Henri Matisse, Jean Lurcat og Marcel Gromaire með stórum verkefnum. Og þetta var upphafið að þróun sem varð vaki og vegvisir síaukinna athafna á vettvanginum, og jafnframt uppstockunar á eðli og inntaki veflista. Þróun sem seinna fæddi af sér marga hliðargeira þar sem vefur kemur jafnvel hvergi við sögu.

Vefurinn er svo sértækt efni, eins og margt annað í myndlistinni, að þeim er gefur sig honum opnast nýtt svið og ný myndsyn. Þannig lá það beinast við að Júlíana Sveinsdóttir tæki að nota hreina og huglæga flataskipan er hún sneri sér að vefnaði, sem var hárrétt afstaða. Hins vegar leitaðist Vigdís Kristjánsdóttir við að yfirfæra hugmyndir sínar í málverki á myndvefnað, sem að vissu marki getur verið fullgilt, en hefur sína annmarka og hann þá helstan, að eðli vefsins kemur ekki jafn ómengað fram. Og þetta með eðli miðilsins á milli handanna er mörgum listamanninum afar mikilvægt og sumum hreint sálhjálpatriði



„Sjálfsmynd“ (1949)

og er þeim mjög í mun að rík efniskennindin skíni í gegn. Við sjáum þetta vel í grafík meistaranna, því engum blandast þar hugur um hvort unnið sé í mál, tré eða á stein. Hér er næsta auðvelt að greina á milli, því um gjörólík náttúru-efni er að ræða, en hins vegar getur verið erfiðara að sjá mun á ýmsum gerviefnum efnaiðnaðarins og í sumum tilvikum er einungis um hreinan

blæbrigðamun að ræða, sbr. hvað varðar olíuliti og akryl.

Veflistakonan Ásgerður Búa-dóttir er mjög gott dæmi um lista-mann, sem setur alla sál sína í miðilinn milli handanna, og þótt hún vinni í hreinum flötum í ætt við strangflatarlist, er minna um strangflatarlistamann en meira um að bein miðlun efnis- og eðlisþátta þess marki veginn.

Námsferill listakonunnar er mjög athyglisverður, því hliðstæður verða stöðugt fátíðari er svo er komið, sem telst öflugþróun innan listaskóla nútímans. Sumir vilja nefna þetta akademískt nám og kenna við íhaldssemi, en það er mikill misskilningur, því hreint grunnnám í myndlist er af skyldum toga og t.d. nám í mál- eða raunvísindum. Því umfangsmeira, agaðra og dýpra sem það er, þeim mun víðara svið opnar það iðkendum sínum, og því meiri möguleika hafa þeir til að umbylta eldri gildum. Hið svokallaða íhaldssama nám verður þá sem frjóangi vaxtar-magna og svipmikilla athafna. Það er þetta sem gerðist hjá Ásgerði Búa-dóttur, því er hún hóf að vefa

Fjölskyldu-tónleikar Kórs Langholtskirkju

UM HELGINA mun Kór Langholtskirkju halda tónleika í Logalandi og á Flúðum. Tónleikarnir í Logalandi verða í kvöld laugardagskvöld og hefjast kl. 21 og tónleikarnir á Flúðum verða á morgun sunnudag og hefjast kl. 15. Miðvikudagskvöldið 16. nóv. kl. 20.30 verða síðan tónleikar í Langholtskirkju í Reykjavík.

Á efnisskránni verða ættjarðarlög, sígild íslensk dægurlög og einnig þekkt nýrrí lög. Úr kórnum kemur fram kvartettinn „Út í vorið“ sem sungið hefur víða um land. Karlarráðir kórsins sem kalla sig „Stjúp-bræður“ mun einnig taka lagið.

Loks verður fjóldasöngur þar sem sungin verða lög úr heftinu „Íslensk ættjarðarlög“ fyrsta hefti. Stjórnandi Kórs Langholtskirkju er Jón Stefáns-son. Miðaverð er kr. 1.200 fyrir full-orðna og hálfvirið fyrir börn.

Upplestur á smásögum Tsjechovs

FRÚ Emíla stendur fyrir upplestri á smásögum Antons Tsjechovs, í dag og á morgun kl. 15, í litla sal leikhússins á Seljavegi 2.

Lesturinn verður með svipuðu sniði og leikstrar þeir er Frú Emíla efndi til í Listasafni Íslands árið 1988. Smásögurnar eru fluttar í kjölfar frumsýningar Frú Emílu á Kirsuberjagarðinum eftir Tsjechov.

Upplesturinn hefur hlotið nafnið Á flötta undan kertastjaka og er nafnið dregið af einni þeirra smásagna sem lesnar verða.

Leikararnir sem lesa upp eru: Árni Tryggvason, Edda Heiðrún Backman, Harpa Arnardóttir, Helga Braga Jónsdóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir og Kristbjörg Kjeld. Ásdis Þórhallsdóttir hefur haft veg og vanda af undirbúningi upplestursins.

Almennur aðgangseyrir er 1.000 kr., en 800 kr. fyrir nema og eldri borgara.

Sýningu Þorgerðar að ljúka

SÝNINGU á pappírsmýndverkum Þorgerðar Hliðversdóttur sem nú stendur yfir í Stöðlakoti við Bókhlöðustíg lýkur nú á sunnudag. Opið er daglega frá kl. 14-18.

Brúðumynd í Norræna húsinu

NORSKA brúðumyndin Bjergkøbing Grand Prix verður sýnd í Norræna húsinu á sunnudag, kl. 14.

Í kynningu segir: „Í myndinni kynnumst við hjólaþinggerða- og uppfinningamanninum Teodor Fælgen og tveimur vinum hans, þeim Sofusi sem er alltaf jákvæður og Ludvig sem er alltaf neikvæður. Þeir lenda í ótrúlegum ævintýrum og smíða meðal annars töfra-bíl. Í framhaldi af því taka þeir svo þátt í kappakstri sem endar á óvæntan hátt.“

Aðgangur er ókeypis.

Anna María sýnir í Café Læk

MÁLVERKASÝNING Önnu Maríu Harðardóttur var opnuð á Café Læk, Lækjargötu, 9. nóvember síðastliðinn. Sýningin stendur út nóvember.

Anna María útskrifaðist með mastersgráðu í listmedferð frá New York háskólanum árið 1990. Hún hefur tekið þátt í tveim samsýningum og er þetta fyrsta einka-sýning hennar.

Alls vinna átta listamenn á Studio Höfða og sjá þeir um listamannahornið á Café Læk alla laugardaga í vetur.

Sýningin er opin á opnunartíma Café Læks.



Anna María Harðardóttir

Trío Reykjavíkur með gestum í Hafnarborg

ADRIR tónleikar Tríos Reykjavíkur og Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar, verða sunnudaginn 13. nóvember kl. 20. Tríóið fær þrjá gesti til liðs við sig á tónleikunum.

Trío Reykjavíkur skipa þau Hall-dór Haraldsson pianóleikari, Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari. Gestir tríósins á þessum tónleikum verða Guillermo Figueroa fiðluleikari og hljómsveitarstjóri, Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari, strengja-sveit úr Tónlistarskólanum í

